

Kaldalón hf.

Viðauki við grunnlýsingu sem dagsett er 7. júlí 2023

vegna 30.000.000.000 króna útgáfuramma

Viðauki þessi, sem dagsettur er 4 september 2023 (hér eftir „viðaukinn“), við grunnlýsingu Kaldalóns hf., kt. 490617-1320, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík (hér eftir „Kaldalón“ eða **útgefandi**) sem dagsett er 7. júlí 2023 (hér eftir „**grunnlýsingin**“) er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsingin, skal höfð til hliðsjónar við lestur viðaukans og skal viðaukinn mynda órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar. Skilgreiningar sem birtar eru í grunnlýsingunni gilda einnig um viðaukann nema samhengi eða orðalag bendi til annars.

Viðaukinn hefur verið staðfestur af fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“), sem telst lögbært yfirvald í skilningi ákvæða reglugerðar (ESB) 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðaukann telji eftirlitið að þær uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) 2017/1129, meðal annars um að upplýsingar í þeim séu fullnægjandi, samkvæmar og skiljanlegar. Ekki skal líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu þessari sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum skuldaskjalanna sem lýsingin varðar. Fjárfestar skulu ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þeim henti að fjárfesta í skuldaskjölunum byggt á eiginmati á endanlegum skilmálum skuldaskjalanna og grunnlýsingu þessari

Viðaukinn og grunnlýsingin eru á íslensku og birt með rafrænum hætti á vefsíðu útgefanda.



Umsjónaraðili er Landsbankinn hf.

Dagsetning viðaukans er 4. september 2023

1. Skjöl felld inn með tilvísun

Til viðbótar við umfjöllun í kafla „*Skjöl felld inn með tilvísun*“ bætist við eftirfarandi liður á bls. 84 í grunnlýsingu og skoðast sem órjúfanlegur hluti af grunnlýsingunni:

- Samandregin endurskoðaður samstæðuárshlutareikningur útgefanda 30. júní 2023, ásamt skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra og yfirlýsingu endurskoðanda, vefslóð: <https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/1c8b39e8-1f3a-46f5-a9b5-19c54974bd52>

2. Skjöl til sýnis

Nýr liður bætist við í kaflann „*Skjöl til sýnis og aðgengi að grunnlýsingu*“ á bls. 84 í grunnlýsingu félagsins:

- Samandregin endurskoðaður samstæðuárshlutareikningur útgefanda 30. júní 2023

3. Upplýsingar um útgefandann

YFIRLÝSING ÁBYRGÐARAÐILA FYRIR HÖND ÚTGEFANDA

Formaður stjórnar og forstjóri Kaldalóns hf., kt. 4906171320, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Kaldalóns, sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík 4. september 2023

Fyrir hönd Kaldalóns

Ásgeir H. R. Gylfason, stjórnarformaður

Jón Þór Gunnarsson, forstjóri

Undirritunarsíða

F.h. Kaldalóns hf.
Ásgeir Helgi Reykjörð Gylfason

F.h. Kaldalóns hf.
Jón Þór Gunnarsson